

HUGMYNDAKASSI: Góð ráð til að efla málþroska og málvitund barnsins í dagsins önn

- Búið til brúður sem eru fulltrúar fyrir hvert barn í leikskólanum. Hægt er að nota brúðurnar í samverustundum t.d. til að tala um hverjir sé í leikskólanum í dag og til að telja þær á mismunandi tungumálum. Það má líka æfa forsetningar með því að segja börnunum að leggja brúðuna undir, ofan á eða við hliðin á einhverju.
- Skrifið orð á öllum tungumálum leikskólans á litla miða. Það má t.d. skrifa heiti á mat, litum, húsgögnum eða orð sem tilheyra öðrum efnisflokkum. Breytið um miða í samræmi við áherslur eða verkefni leikskólans svo bæði börnin og fullorðna fólkið upplifi að það séu alltaf tækifæri til að kynnst nýjum orðum til að tala um.
- Örvið forvitni barnanna í tengslum við ritun, þannig að þau „lesi“ orð út frá aðstæðum t.d. á skiltum í umhverfinu eða orð á umbúðum („mjólk“ á mjólkurfernu).
- Búið til möppur eða leiðarbækur með myndum af barninu, fjölskyldunni, teikningum o.s.frv. og gerið möppuna að umræðuefni í samtölum við barnið og foreldrana.
- Talið um orð í móðurmáli barnsins í samverunni, við matarborðið, þegar þið syngið og farið með rým og þulur en líka þegar þið eruð að hreyfa ykkur t.d. í fótbolta.
- Búið til lítil hefti með myndum, texta og úr samræðum við barnið bæði á móðurmáli þess og á íslensku. Það er t.d. hægt að nota öpp frá Book Creator eða tölvu (Pony Story).
- Veitið barninu sjónrænan stuðning og notið myndir og hluti til að hjálpa barninu til að skilja þegar verið er að lesa.
- Talið um það við börnin hvað hægt sé að telja á mörgum tungumálum. Börnin telja hvert annað, fingur, tær o.s.frv.
- Búið til tvítýngis-samskiptabækur með myndum af barninu í daglegum aðstæðum í leikskóla og heima. Skrifið við á íslensku og móðurmáli

RÁÐ TIL AÐ FLÉTTA RITMÁL INN Í VERKEFNI LEIKSKÓLANS

Búið til teiknimyndasögu með litlum hópi barna sem á sameiginleg áhugamál t.d. slökkviliðsbíla

Ræðið um hvað sagan um slökkviliðsbílana gæti fjallað. Skiptið sögunni í 4 – 5 myndir (story-board). Stillið upp slökkviliðsbílum, húsum o.s.frv. og takið myndir af mismunandi hlutum sögunnar.

Prentið út myndir og setjið þær upp eins og teiknimyndasögu og skrifið talblöðrur og skýringartexta á þeim tungumálum sem börnin í hópnum tala.

Kynnið myndasöguna fyrir hinum börnunum og foreldrunum.

**ÞAÐ ER LÍKA HÆGT AÐ NOTA TÖLVU/
SPJALDTÖLVU ÞEGAR MYNDASÖGUR
ERU BÚNAR TIL.**

Finnið tvíbura.

Börnin fá úthlutað afmörkuðum svæðum. Hvert barn fær úthlutað hljóði eins bókstafs (það sem stafurinn segir). Tvö börn fá sama bókstafinn. Öll börnin eiga að ganga um svæðið um leið og þau segja hljóðið og finna þannig tvíburann sinn, það er að segja hitt barnið sem fékk sama bókstaf. Þegar þau hafa fundið hvort annað setjast þau niður.

Klemmuleikur með bókstöfum eða tölum.

Hvert barn fær þrjár klemmur. Einn bókstafur eða tölustafur er skrifaður á hverja klemmu. Þau festa klemmurnar á fötin sín. Leikurinn gengur út á að ná, innan ákveðins tíma, eins mörgum stöfum frá hinum börnunum og hægt er t.d. A .

Finnið hluti sem byrja á...

Búið til leik sem gengur út á það að barnahópar eiga að finna hluti sem byrja á mismunandi bókstöfum. T.d. finnið orð sem byrja á S (ess). Börnin ganga um og stilla sér upp við hluti sem byrja á S t.d. „stóll“ þau geta jafnvel tekið mynd af stól.

Bökunarbók barnsins.

Búið t.d. til bók ásamt börnunum með bökunaruppskriftum þar sem notaðar eru myndir í hverju skrefi í ferlinu (handþvottur, hveiti, skál, hefing, bakstur o.s.frv.).

Skrifið þar á eftir stuttar setningar með myndunum og setjið þetta saman í bók.

- Slíkt er hægt að gera með ýmsum verkefnum:
- Klæða sig
- Ganga frá kubbunum
- Velja bækur